

## **Fundargerð 17. fundur skráningarráðs, fimmtudaginn 19. maí 2005.**

Haldinn í fundarherbergi á 3. hæð Borgartúni 37, kl. 14-16

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir (fundarritari), Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

Stórgóðri notendahandbók Gagnis á vef fagnað með lófataki.

### **1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.**

### **2. Fréttir frá notendaráðstefnu Aleph í Kos**

Sigrún Hauksdóttir sagði frá Olibris ráðstefnu ExLibris í Kos í Grikklandi sem hún sótti ásamt Dögg Hringsdóttur

Það sem Sigrúnu þótti hvað markverðast í sambandi við Aleph kerfið voru breytingar á indexeringu sem verða í nýrri útgáfu. Þá verður hægt að indexera án þess að loka kerfinu á meðan. Sigrún og Dögg komust í kynni við Omri Gerson sem er e.k. „herra Aleph“ og hann kom með tillögur að lausnum t.d. í sambandi við íslensk nöfn.

SFX er kerfi sem tékkar á tenglum í Aleph – Markit kerfi uppfærir linka í 856 sviðinu og hleður þeim inn í kerfið. Markit þjónustan er til staðar núna en kostar aukalega og er kostnaður sennilega reiknaður sem hlutfall af áskrift.

### **3. Greinarmerkjavandamál – Nafnmyndaskrá.**

Sigrún segir frá stöðu greinarmerkjavandamálsins í Gegni, en það er að leysast. Georg er búinn að vera að vinna síðasta hálfu mánuðinn í málinu með forsögn frá í júní í fyrra. Greinarmerkin verða sennilega ekki flutt yfir í Steinbeck fyrr en nafnmyndaskráin er komin vegna þess að það þarf að loka kerfinu á meðan. Sigrún vonar að þessu verði lokið í júní.

### **4. Kynning fyrir forstöðumenn safna.**

Sigrún segir frá hugmyndum að baki þess að halda kynningu fyrir stjórnendur bókasafna. Tilgangurinn er að upplýsa fólk, kynna vandamál og fá fleiri til að taka ábyrgð á gagnagrunninum t.a.m. til að fá fólk í viðhaldsvinnu og lagfæringar. Hugmyndir eru uppi um að þar sem eru þrír eða fleiri skrásetjarar á safni sé einn ábyrgðarmaður sem les yfir færslur. Þetta hefur ekki verið rætt í skráningarráði. E.t.v. er einnig rétt að mynda þriggja manna stuðningshópa sem geta verið þvert á söfn, þar sem einn ábyrgðarmaður les færslurnar yfir. Nauðsynlegt er að fá forstöðumenn safna til að átta sig á að vinnuvenjur skrásetjara koma til með að breytast vegna samstarfs t.d. aukin fundasetta.

Í sambandi við þetta var rætt um miðlæga skráningu en nú hefur ekkert safn bolmagn til að bjóða upp á hana. Rætt var um hvernig væri hægt að standa straum af kostnaði við hana. Skráning leggst mjög misjafnlega á söfn og mörg söfn farin að bíða eftir skráningu. Þóra sagði afar skrautlega sögu um hremmingar færslu í Gegni og eintakatengingar, sem lýsir því að afritun er mjög vafasöm og gæta þarf að góðum vinnubrögðum. Vandamál Gagnis er í hnotskurn: of lítil fræðsla, of mikið álag og of margir skrásetjarar og fræðilega þekkingu skortir. Sigrún fór yfir dagskrá kynningarfundarins með forstöðumönnum sem halda á 23. maí n.k.

### **5. Titilskráðar þýðingar – samræmdir titlar. Lagt fram til kynningar.**

Hildur gerði grein fyrir málinu sem snýst um samræmdan titil annars vegar og titil

á frummáli hinsvegar, þegar rit er ekki höfundargreint. Frummálstitill hefur verið settur í 130 og verður þá höfuð færslunnar. Þegar frummálstitill er í 130 prentast hann í á strikamiða, sem efsta lína í útprenti sem kemur sér illa fyrir sum söfn.

Vilji er fyrir hendi fyrir því að hafa raunverulega samræmda titla í nafnmyndaskrá.

Málið var ekki afgreitt en lagt fram til skoðunar.

Hildur, Fanney og Hulda ætla að skoða málið og gera tillögur um hvernig málinu verður háttað.

6. **Frekari gagnaflutningar**

Sigrún sagði frá gagnaflutningum sem eru fyrirhugaðir. Eru til prufu til að byrja með.

7. **Myndbandaskráning**

Þóra dreifir skjali um skráningu myndbanda í Gegni með ábendingum frá þeim sem hafa verið að skrá myndbönd. Þóra er búin að fara yfir skjalið.

Samþykkt að skoða málið. Þeir sem skrá myndbönd verða beðnir um að prufukeyra listann. Síðan myndi hann fara til umsagnar skráningarráðs og þar á eftir sem gátlisti í handbókina.

8. **Formgreining margmiðlunarefnis.**

Hulda ræddi um formgreiningu á tölvuleikjum og taldi hana ekki lýsa því um hvers konar efni væri að ræða.

Lagt fram til kynningar. Engin ákvörðun tekin.

9. **Önnur mál.**

Engin önnur mál komu fram.

Fundi slitið kl. 16.00